

**Ed.**

## **163. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### **1. gr.**

1. gr. laganna skal orða svo:

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu til 5 ára í senn þrjá menn, er hafa skulu eftirlit með og gera skrá um þá sjóði í landinu, sem hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni, svo og um aðra hliðstæða sjóði, er stofnaðir hafa verið með gjöfum einstaklinga eða félaga. Rísi ágreiningur um það, hvort einhver sjóður skuli háður eftirliti samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr.

Eftirlitsmenn skulu á ári hverju senda Alþingi og fjármálaráðuneytinu skýrslu um sjóði þessa.

### **2. gr.**

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Stjórn þeirra sjóða, sem ekki hafa hlotið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, eða þeim, er slíka sjóði hafa undir höndum, skal skylt að senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum fyrir árslok 1941 stofnskrár sjóðanna, gjafabréf eða önnur fyrir-mæli um starfsemi þeirra, en um þá sjóði, er síðar verða stofnaðir, skulu slík gögn send eftirlitsmönnum áður en ár er liðið frá sjóðstofnun.

Nú kemur það í ljós, að ekki eru til fyrir-mæli um starfsemi sjóðs, og skulu þá eftirlitsmenn hlutast til um, að slík fyrir-mæli verði sett.

### **3. gr.**

- a. Fyrir „Stjórn ... eftirlitsmönnum“ í upphafi 2. gr. laganna kemur: Stjórnir eða vörzlumenn þessara sjóða skulu senda eftirlitsmönnum.
- b. Á eftir „sjóðstjórnun“ í síðari málslið sömu gr. bætist: eða vörzlumönnum.

### **4. gr.**

Fyrir „skipulagsskrá“ í 3. gr. laganna kemur: fyrir-mæli um starfsemi.

### **5. gr.**

Fyrri málsgr. 4. gr. laganna skal orða svo:

Nú senda vörzlumenn sjóðs ekki reikning eins og fyrir er mælt í 3. gr. eða fyrir-mæli um starfsemi sjóðs samkvæmt 2. gr. og svara ekki kröfu um það innan hæfilegs tíma, og getur þá fjármálaráðherra, ef eftirlitsmenn óska þess, skyldað aðila til þess, að viðlögðum allt að 20 króna dagsektum, að senda umkrafin gögn innan tiltekins tíma.

### **6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **7. gr.**

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 29 1935 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um eftirlit með opin-berum sjóðum.